

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknar- og vísindasjóðinn COR, nr. 294/2002.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. orðist svo:

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Rannsóknar- og vísindasjóðurinn COR. Heimili sjóðsins er að Strandvegi 16, 210 Garðabæ og varnarþing er í Garðabæ.

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 2 mönnum kosnum á aðalfundi, sem halda skal eftir að ársuppgjör sjóðsins liggur fyrir, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skal í fyrsta sinn kosin á stofnfundi sjóðsins.

Einungis stofnendur sjóðsins eða lögerfingjar þeirra sameiginlega skulu hafa heimild til að kjósa stjórn sjóðsins.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Rannsóknar- og vísindasjóðinn COR staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 25. janúar 2008,

Birkir M. Magnússon staðgengill.

Helgi Már Ólafsson.